



280. fundur

Bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar hélt fund fimmtudaginn 26. apríl 2012 kl. 17:00 í fundarsal bæjarstjórnar í Ráðhúsinu.

Mætt voru: Lárus Ástmar Hannesson, LÁH
Helga Guðmundsdóttir, varamaður HG
Davíð Sveinsson, DS
Egill Egilsson, EE
Gretar D. Pálsson, GDP
Guðlaug J. Ágústsdóttir, GJÁ
Hjörleifur K. Hjörleifsson, varamaður HKH
Gyða Steinsdóttir, bæjarstjóri GS
Þór Örn Jónsson, bæjarritari
Reynir Ragnarsson, endurskoðandi Stykkishólmsbæjar

Forseti bæjarstjórnar, Lárus Ástmar Hannesson setti fund og stýrði.

Samþykkt að gera smá lagfæringar á útsendri dagskrá. Samþykkt að byrjað verði á lið 4.1.

Dagskrá:

1. Fundargerðir bæjarráðs.

1.1. Fundargerð bæjarráðs nr. 484 dags. 18.04.2012.

Fundargerð framlögð.

Liður 1 fundargerð skólanefndar Tónlistarskóla Stykkishólms, dags.30.03.2012 (145.fundur).

Fundargerð framlögð.

Liður 2 skólanefnd leggur til að skólagjöld verða hækkuð fyrir næsta skólaár í samræmi við verðlagsþróun. Málið verður aftur tekið fyrir á næsta fundi skólanefndar.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt með áorðnum breytingum.

Til máls tóku: GDP,DS og LÁH

Fundargerð samþykkt.



Bæjarstjórn óskar þátttakendum á Nótunni til hamingju með góða frammistöðu og sérstaklega trommusveitinni fyrir góðan árangur.

**Liður 2 fundargerð skipulags- og byggingarnefndar dags.
16.04.2012 (148. fundur).**

Fundargerð framlögð.

Liður 1 Ægisgata 1, niðurrif og uppbygging á lóð.

Guðbrandur Björgvinsson sækir um f.h. lóðarhafa að stækka lóð sem nemur ræmu innan girðingar í suður, austur og norður sbr. uppdrátt og bréf dags. mars 2012. Ennfremur að rífa núverandi hús og steiptan vegg á lóð og byggja nýtt íbúðarhús sbr. teikningar frá Varmamótum /Haraldi Valbergssyni B.F.Í, dags. 10.12.2011.

Nefndin tekur jákvætt í að lóðarhafi fái stærri lóð og að lóðin og aðliggjandi lóð verði hnitsettar.

Bæjarráð samþykkir að lóðarhafi fái stærri lóð. Samþykkt að lóðin og aðliggjandi lóð verði hnitsettar. Byggingafulltrúa er falið að útfæra og gera tillögu að nýjum lóðasamningum.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt með áorðnum breytingum.

Til máls tóku: GDP og DS

Liður 2 Aðalgata 35, sjálfsafgreiðslustöð fyrir eldsneyti ökutækja.

Lögð fram byggingarleyfisumsókn frá Sigríði Magnúsdóttur arkitekt FAÍ f. f. h Atlantsólú, að reisa sjálfsafgreiðslustöð fyrir eldsneyti ökutækja á lóð nr. 35 við Aðalgötu sbr. deiliskipulag og teikningar dags. 13.02.2012.

Erindi samþykkt að uppfylltum skilyrðum.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Til máls tók: GS

Liður 3 Skólastígur 7, útlitsbreytingar.

Björn Jóhann Guðmundsson sækir um að setja nýjan tröppuinngang í kjallara og milli hæða. Einnig að loka býslagi við aðalinngang með hurð sbr. byggingarlýsingu og teikningar frá Brynjari Daníelssyni, dags. 28.02.2012.

Erindi samþykkt að uppfylltum skilyrðum.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.



Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt. Guðlaug sat hjá vegna tengsla.

Liður 4 Nesvegur höfn, endurnýjun á vatnshúsi.
Gyða Steinsdóttir sækir um f.h. Stykkishólms hafnar og Siglingastofnun leyfi fyrir að rífa núverandi vatnshús staðsett á Skipavíkurbryggju og byggja nýtt, sbr. teikningu frá Siglingastofnun/Ing. Rob P.M. Kamsma dags. mars 2012.
Erindi samþykkt að uppfylltum skilyrðum.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 5 Endurnýjun á stöðuleyfi fyrir pylsuvagn.
Róbert Árni Jörgensen sækir um f.h. Ergosspa um stöðuleyfi á pylsuvagni við kvenfélagsgarðinn sbr. tölvupóstur dags. 13.03.2012.
Samþykkt að veita stöðuleyfi til 15. október 2012.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 6 Aðalgata 3, Narfeyrarstofa, stöðuleyfi.
Guðbrandur Gunnar Garðarsson sækir um endurnýjun á stöðuleyfi til tveggja ára á gámi við austurhlið hússins. Ennfremur er óskað eftir stöðuleyfi fyrir frystigámi austan við húsið, einnig til tveggja ára.
Samþykkt að veita stöðuleyfi fyrir gáma innan lóðar til eins árs að uppfylltum skilyrðum um samþykki lóðarhafa aðliggjandi lóða ef gámur er staðsettur nær lóðarmörkum en 3m.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Fundargerð samþykkt.

Liður 19 bréf Gullvers, dags.07.04.2012 varðandi lóð Votahvamms, lóðarmörk Aðalgötu 7a, aðkoma fyrir bíla og önnur farartæki að húsi Aðalgötu 7 o.fl.

Samþykkt að bæjarstjóri og byggingafulltrúi skoði málið nánar í samvinnu við skipulags- og bygginganefnd.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 20 bréf Gunnars Gunnarssonar varðandi



heimsmælikvarðann.

Tekið er jákvætt í erindið og bréfitara þakkað fyrir virðingavert frumkvæði. Bæjarráð samþykkir að sjá um stíg og undirstöður undir listaverkið. Bæjarstjóra falið að gera tillögu að staðsetningu í samráði við Gunnar Gunnarsson.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt með áorðnum breytingum.

Til máls tóku: GDP og DS

Liður 21 bréf Hildar B. Kjartansdóttur, dags. 22.03.2012 varðandi ósk um stuðning vegna ferðar á Norðurlandamót unglunga með landsliði U-18 ára í körfubolta.

Samþykkt að veita Hildi B. Kjartansdóttur 20.000 kr. styrk.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 22 bréf Jeratúns, dags. 10.04.2012 varðandi hlutafjáraukningu aðildarsveitarfélaga í Jeratúni ehf. árið 2012.

Samþykkt að auka hlutfé í Jeratúni ehf. um kr. 7.290.000

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 23 tillaga Berglindar og Davíðs dags. 20.03.2012 um samstarfsverkefni vegna nýtingar lífræns úrgangs.

Tillaga um nýtingu lífræns úrgangs

Við undirrituð leggjum til að leitað verði eftir samstarfi þar sem kannaðir verði möguleikar á nýtingu þeirrar moltu sem verður til við niðurbrot lífræns úrgangs í Stykkishólmsbæ.

Greinargerð:

Í Stykkishólmsbæ er þriggja tunnu sorpflokkun. Með flokkuninni fellur til, með íblöndun hrossataðs og timburkurls um 50-60 tonn af moltu á hverju ári. Upp úr bænum liggur hitaveitulögn sem flytur affallsvatnið frá varmaskiptastöð Orkuveitu Reykjavíkur, sem staðsett er við íþróttamiðstöðina í Stykkishólmi uppí borholu í Ögurslandi. Með ofangreindu samstarfi viljum við skoða hvort ekki megi nýta þau verðmæti sem liggja í moltunni og affallsvatninu til framleiðslu sem loka mun hringnum í hugmyndafræði sjálfbærinnar. Við viljum auk þess kanna hvort þarna sé tækifæri til að setja á stofn starfsstöð fyrir fatlaða íbúa svæðisins sem ekki hafa tök á að vinna á almennum vinnumarkaði. Verkefnið yrði tilraunaverkefni sem, ef vel gengur, verður hvatning fyrir önnur sveitarfélög að fara í sorpflokkun til moltugerðar sem færi samfélögin nær nútímakröfum í umhverfismálum.

Berglind Axelsdóttir
Davíð Sveinsson



Tillaga samþykkt með áorðnum breytingum

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Til máls tóku: GDP, DS, GS og LÁH

Liður 24 tölvupóstur atvinnuveganefndar Alþingis dags. 29.3.2012 varðandi umsögn um frumvarp til laga um stjórn fiskveiða (heildarlög) 657. mál.

Umsögn vegna frumvarps til laga um stjórn fiskveiða. Við undirrituð mótæmum þeim áformum í frumvarpi til laga um stjórn fiskveiða er varða niðurskurð skeljabóta og niðurfellingu á næstu þremur árum. Skeljabætur og byggðakvóti hafa verið uppistaðan í útgerð og vinnslu í Stykkishólmi allt frá því skeljastofninn hrundi árið 2003 vegna sýkingar. Þegar skelkvóti var settur á var útgerðum gert að skila inn þriðjung af botnfiskkvóta sínum í skiptum fyrir skelkvóta á viðkomandi skipi. Handhafar skelkvótans hér eru allir þeir sömu og voru þegar skelbannið tók gildi og reka nú í Stykkishólmi saltfiskvinnslur, en sökum lítils kvóta einungis á hálfum afköstum. Skelbætur hafa ávallt verið veiddar og unnar í Stykkishólmi og aldrei hefur komið til greina að leigja þær. Skelvinnslu var sjálfhætt við skelveiðibannið og hefur það aukið enn frekar á vandann í Stykkishólmi. Því þykir okkur sanngjarnt að þessar útgerðir fái þessar bætur áfram á sama hátt og aðrar útgerðir fá 20 ár til aðlögunar. Verði þessu ákvæði ekki breytt leggst stór hluti útgerðar og vinnslu af í Stykkishólmi. Afnáam föstu bótanna er því grafalvarlegt mál fyrir atvinnulíf í Stykkishólmi.

Berglind Axelsdóttir
Davíð Sveinsson
Íris Huld Sigurbjörnsdóttir

Tillaga samþykkt samhljóða.

Viðaukatillaga við Ályktun bæjarráðs Stykkishólmsbæjar vegna frumvarps um stjórn fiskveiða.

Við undirrituð mótæmum..... Afnáam föstu bótanna er því grafalvarlegt mál fyrir atvinnulíf í Stykkishólmi.

(Við bætist:)

Allar þær miklu breytingar sem boðaðar eru í frumvarpi um stjórn fiskveiða og frumvarps um veiðigjöld munu kalla fram mikla endurskipulagningu á rekstri sjávarútvegsfyrirtækja með ófyrirsjáanlegum fjárhagslegum afleiðingum. Mikil óvissa er um áhrif frumvarpanna á hvaða fyrirtæki verða láta í minni pokann og hvaða fyrirtæki lifa af. Breytingarnar munu hafa slæm áhrif á alla þá



sem að sjávarútvegi koma og byggðarlaga sem eiga mikið undir útgerð og fiskvinnslu. Þær skattaálagur sem boðaðar eru koma sérstaklega þungt á útgerðir sem hafa keypt til sín mikið af aflaheimildum, en hyglar þeim sem hafa selt sig út úr greininni því með frumvarpinu fá þeir möguleika að fara aftur til veiða. Bæjarstjórn Stykkishólms skorar á Alþingi að ígrunda vel áhrif frumvarpanna og fara varlega í að samþykkja þau óbreytt.

Gretar D. Pálsson
Guðlaug Ágústsdóttir
Hjörleifur Kristinn Hjörleifsson

Viðaukatillaga felld með fjórum atkvæðum gegn þrem.

Til máls tóku: GDP og LÁH

Liður 25 tölvupóstur Atvinnuveganefndar Alþingis dags. 30.3.2012 varðandi umsögn um frumvarp til laga um veiðigjöld (heildarlög) 658. mál.

Umsögn vegna frumvarps til laga um veiðigjöld.

Í samfélaginu er hávær krafa að arður af auðlindum okkar skili sér til þjóðarinnar. Stærstu útgerðarfyrirtæki og vinnslur í Stykkishólmi urðu fyrir miklu áfalli þegar hörpudiskstofninn í Breiðafirði hrundi árið 2003. Þær útgerðir hafa því átt undir högg að sækja vegna lítilla aflaheimilda.

Við undirrituð leggjum þunga áherslu á að veiðigjöld verði sanngjörn og ógni ekki rekstri útvegsfyrirtækja.

Berglind Axelsdóttir
Davíð Sveinsson
Íris Huld Sigurbjörnsdóttir

Breytingartillaga við Ályktun bæjarráðs Stykkishólmsbæjar vegna frumvarps um veiðigjöld.

Lagt er til að úr samþykktari ályktun falli út 3 fyrstu setningar ályktunarinnar og að í stað orðanna „Við undirrituð leggjum“ komi „Bæjarstjórn leggur“.

Ályktunin mun þá hljóða svo: Bæjarstjórn leggur þunga áherslu á að veiðigjöld verði sanngjörn og ógni ekki rekstri útvegsfyrirtækja.

Gretar D. Pálsson
Guðlaug Ágústsdóttir
Hjörleifur Kristinn Hjörleifsson

Breytingartillaga samþykkt samhljóða.

Til máls tóku: GS, DS, LÁH og GDP

Liður 26 tölvupóstur Heimis L. Jóhannssonar dags. 24.3.2012 varðandi ósk um afnot af Hljómskálanum.



Erindinu hafnað, þar sem Leikfélagið Grímnir hefur afnot af húsinu samkvæmt leigusamningi.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 27 tölvupóstur siglingadeildar Snæfells dags. 13.2.2012 varðandi beiðni um styrk til greiðslu gjalds vegna leigupláss í Heljarmýri.

Samþykkt að veita siglingadeild Snæfells styrk að upphæð kr. 30.600

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 28 tölvupóstur Sýslumanns Snæfellinga dags. 14.03.2012 varðandi umsögn vegna veitingaleyfis Ocean Safari ehf. í flokki II, kaffihús að Hafnargötu 2a.

Bæjarráð hefur ekki athugasemdir að uppfylltum skilyrðum, vegna veitingu veitingaleyfis til Ocean Safari ehf að Hafnargötu 2a.

Ocean Safari breytti umsókn um veitingarleyfi úr flokki II í flokk III.

Bæjarstjórn hefur ekki athugasemdir að uppfylltum skilyrðum, vegna veitingu veitingaleyfis til Ocean Safari ehf að Hafnargötu 2a.

Til máls tóku: GS og GDP

Liður 29 tölvupóstur sýslumanns Snæfellinga dags. 4.4.2012 varðandi umsögn um leyfi til að reka gististað í flokki 1, heimagistingu, að Víkurgötu 5 (Heimir Jóhannsson).

Bæjarráð hefur ekki athugasemdir að uppfylltum skilyrðum, vegna veitingu leyfis til reksturs heimagistingar að Víkurgötu 5 til Heimis Jóhannssonar.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 30 umsókn um launalaust leyfi 2012-2013.

Bæjarráð samþykkir að veita Sigurborgu Sturludóttur launalaust leyfi skólaárið 2012-2013.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Til máls tóku: GS, og GDP

Liður 31 Kirkjugarðurinn í Stykkishólmi útboð í jarðvegsvinnu.

Samþykkt að Gyða bæjarstjóri ræði við tilboðsgjafa.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Til máls tók: GS, LÁH, DS, EE og GDP



34. Ályktun vegna frumvarpa ríkisstjórnar til laga um stjórn fiskveiða og veiðigjöld.

Við undirrituð leggjum til að bæjarstjórn Stykkishólms taki undir með þeim fjölmörgu sem samþykkt hafa neðangreinda ályktun

Við undirrituð vörum Alþingi sterklega við því að samþykkja fyrirbyggjandi frumvörp ríkisstjórnarinnar til laga um stjórn fiskveiða og veiðigjöld.

Greinargerð óháðra sérfræðinga, sem fylgir frumvörpunum og sem unnin var að beiðni sjávarútvegs- og landsbúnaðarráðuneytisins, ætti að hvetja löggjafann að staldra við og ígrunda gaumgæfilega áhrif lagasetningarinnar á rekstur og afkomu sjávarútvegsfyrirtækja og á sjávarbyggðir landsins.

Sérfræðingarnir búast við „umhleypingum á næstu árum meðan útgerðin lagar sig að breyttum aðstæðum“ og segja að áformuð lagasetning muni verða „mjög íþyngjandi fyrir rekstur sjávarútvegsfyrirtækja“. Enn fremur að hækkun veiðigjalds muni án efa „kippa stoðum undan skuldsettari útgerðarfyrirtækjum.“

Þá benda sérfræðingarnir á að byggðaaðgerðir frumvarpsins séu „ólíklegar til að ná þeim markmiðum sem stefnt er að“, enda skorti enn þann „langtímastöðugleika sem getur skapað grundvöll fyrir uppbyggingu atvinnulífs í sjávarbyggðum“.

Undirritaðir telja að þessi varnaðarorð, sem fylgja frumvörpunum, séu meira en næg ástæða fyrir alþingismenn til að leggja málin til hliðar frekar en að stuðla að því að lögfesta þau og stuðla þannig að „umhleypingum“ með alvarlegum afleiðingum fyrir fólk og fyrirtæki í sjávarbyggðum landsins, m.a. mögulegri lækkun launa sjómanna og fiskverkafólks, lækkunar útsvarstekna sveitarfélaga, minni fjárfestingagetu sjávarútvegsfyrirtækja á landsbyggðinni og þar með enn minni atvinnuuppbyggingu á landsbyggðinni en nú er.

Við slíkt verður ekki unað.

Gretar D. Pálsson
Guðlaug Ágústsdóttir
Hjörleifur Kristinn Hjörleifsson

Tillaga felld með fjórum atkvæðum gegn þremur.

Undirrituð hafna því að taka undir þá ályktun sem til umræðu er.

Við fögnum þeim frumvörpum varðandi breytingar á stjórn fiskveiða sem fyrirbyggja og teljum þau ágætan grunn að sátt um það umdeilda fiskveiðistjórnunarkerfi sem í gildi er. Við bendum á að þær breytingar sem orðið hafa á kerfinu undanfarin ár og varða t.d. strandveiðar, skötuselsveiðar, makrílveiðar og síldveiðar hafa komið svæðinu vel. Við leggjum áherslu á að fyrirhuguð veiðigjöld verði sanngjörn og ógni ekki rekstri útgerðarfyrirtækja.

Lárus Ástmar Hannesson



Davíð Sveinsson
Egill Egilsson
Helga Guðmundsdóttir

Til máls tóku: LÁH, GDP, DS og EE

Fundargerð samþykkt.

Til máls tóku: GDP og GS

2. Fundargerðir nefnda.

2.1. Fundargerð skólanefndar Tónlistarskóla Stykkishólms, dags. 30.03.2012.

Fundargerð framlögð og samþykkt fyrr á fundinum.

2.2. Fundargerð skipulags- og byggingarnefndar, dags. 16.04.2012.

Fundargerð framlögð og samþykkt fyrr á fundinum.

2.3. Fundargerð skólanefndar, dags. 28.03.2012.

Fundargerð framlögð og samþykkt.

Til máls tóku: GDP, LÁH og GS

2.4. Fundargerð stjórnar Dvalarheimilis aldraðra, dags. 16.04.2012.

Fundargerð framlögð og samþykkt.

2.5. Fundargerð umhverfisnefndar Stykkishólmsbæjar, dags. 23.04.2012.

Fundargerð framlögð.

Liður 2 hrossabeit

Leggjum til að haft verði samband við sérfræðing til að ástandsmeta beitarland í sveitafélaginu.

Tillaga nefndarinnar samþykkt.

Til máls tóku: GDP, LÁH og GS

Liður 5 reglur um kattarhald

Til er reglugerð um kattarhald en henni virðist ekki hafa verið framfylgt. Leggjum til að farið verði í kynningu á þessari reglugerð. Að henni lokinn verði gert átak í að veiða ketti í lífgildirur og ef þeir eru ekki merktir verða þeir aflífaðir að nokkrum dögum liðnum.

Samþykkt að vísa erindinu til næsta bæjarráðsfundar.

Til máls tóku: GDP, GJÁ, HKH, DS, LÁH og GS

Liður 6 Umhverfisdagur



Leggjum til að dagarnir verði haldnir 18.-23. maí nk. Leggjum til að farið verði í gönguferð í fjöru á sunnudeginum, góð fjara um 12:40. Róbert athugar hvaða fjara verður fyrir valinu.

Tillaga nefndarinnar samþykkt.

Til máls tóku: GDP, GS og LÁH

Fundargerð samþykkt.

3. Annað

3.1. Vinnuskóli 2012.

Við undirritaðar leggjum til að starfsmenn Stykkishólmsbæjar í áhaldahúsi og vinnuskóla hætti að taka að sér slátt, rakstur og hirðingu lóða fyrir fyrirtæki og einstaklinga aðra en elli – og örorkulífeyrisþega. Þess í stað verði áhersla beggja vinnustaða lögð á lóðir bæjarfélagsins og opin svæði í bæjarlandinu.

Leggjum við einnig til að ráðinn verði aðili með þekkingu á garðyrkju til að leiðbeina og kenna verkstjóra vinnuskóla og flokksstjórum í byrjun sumars í einn til tvo mánuði. Ráðgjafinn komi einnig með tillögur um tímaramma vegna sumarsins 2012. Meðfylgjandi eru drög að reglum fyrir Vinnuskólann í Stykkishólmi.

Gyða Steinsdóttir, bæjarstjóri
Bjarnfríður Vilhjálmsdóttir, byggingarfulltrúi

Tillögur samþykktar með áorðnum breytingum, en meðfylgjandi drögum að reglum fyrir Vinnuskólann í Stykkishólmi vísað til næsta bæjarráðsfundar.

Til máls tóku: GDP, LÁH, DS, EE og GS

3.2. Vatnshús við Skipavíkurhöfn.

Eftirtalin tilboð bárust í byggingu Vatnshúss:

Skipavík hf.	5.683.200 kr.
Skipavík hf. frávikstilboð	4.614.900 kr.
Þ.B. Borg	3.021.978 kr.

Kostnaðaráætlun 3.966.200 kr.

Samþykkt að ganga til samninga við Þ.B.Borg ehf.

3.3. Hönnun lóðar við Grunnskólann í Stykkishólmi.

Leitað hefur verið eftir tilboðum í hönnun lóðar Grunnskólans frá Landhönnun og Landmótun. Samþykkt að bæjarstjóri gangi til samninga við lægst bjóðanda.



Til máls tóku: GS og GDP

4. Fjármál.

- 4.1. Ársreikningur Stykkishólmsbæjar 2011 – fyrri umræða**
Reynir Ragnarsson endurskoðandi Stykkishólmsbæjar gerði grein fyrir Ársreikningnum og svaraði spurningum. Ársreikningnum vísað til síðari umræðu í bæjarstjórn.

Reynir vék af fundi kl:18:10

Fundargerðin upplesin og samþykkt.
Fundi slitið kl. 20:15
Pór Örn Jónsson